

Mánudaginn 19. nóvember 1990.

Nr. 423/1990. **Ákærvaldið**

gegn

Jónasi James Ásmundssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald. 1., 3. og 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Bjarni K. Bjarnason, Benedikt Blöndal og Haraldur Henrysson.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 14. nóvember 1990. Hann krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldinu verði markaður skemmri tími.

Ríkissaksóknari krefst staðfestingar úrskurðarins.

Með vísan til 1., 3. og 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir bera að staðfesta hinn kærða úrskurð, þó þannig, að gæsluvarðhald varnaraðila standi allt til fimmtudags 20. desember 1990 kl. 16.

D ó m s o r ð:

Varnaraðili, Jónas James Ásmundsson, sæti gæsluvarðhaldi allt til fimmtudags 20. desember 1990 kl. 16.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 14. nóvember 1990.

Ár 1990, miðvikudaginn 14. nóvember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Símoni Sigvaldasyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess, að Jónasi James Ásmundssyni, kt. 230762-5549, Báragötu 22, Reykjavík, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 9. janúar 1991 kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn ákvæðum almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, um skjalafals og innbrotsþjófnað.

Málavextir eru þeir, að aðfaranótt 31.10. sl. var brotist inn í Hraðfrystihús Grundarfjarðar og stolið þaðan sjö tékkheftum úr peningaskáp. Kærði, Jónas James Ásmundsson, hefur viðurkennt að hafa verið annar tveggja, er brutust inn í Hraðfrystihús Grundarfjarðar. Kærði hefur viðurkennt

fyrir RLR og einnig fyrir dómi að hafa stolið tékkheftum úr hraðfrystihúsinu, þó svo að hann geti ekki gert grein fyrir, hve mörg þau voru. Kærði hefur einnig viðurkennt að hafa afhent tveimur aðilum 10 óútfyllt eyðublað úr umræddum tékkheftum, en kveðst ekki hafa tekið neinn þátt í fölsun umræddra eyðublaða.

Afbrotaferill kærða er langur, og hefur RLR nú til meðferðar nokkur mál á hendur kærða vegna hegningarlagabrota. Þessi mál varða flest þjófnað á tékkheftum og fölsun tékka.

Einnig eru til meðferðar hjá sakadómi Reykjavíkur ákærur á hendur kærða.

Upplýst er, að kærði stundar ekki launaða vinnu. Af framansögðu er ljóst, að afbrotaferill kærða er samfelldur, og verður að teljast víst, að kærði er síbrotamaður, sem hefur ekki ofan af fyrir sér með heiðarlegum hætti. Þykir því ljóst, að veruleg hætta sé á því, að hann haldi áfram brotum, haldi hann óskertu frelsi.

Brot þau, er kærði er grunaður um, geta varðað fangelsisrefsingu skv. almennum hegningarlögum. Rannsókn þessara mála fer nú fram, og þykir veruleg hætta á því, að kærði hafi áhrif á hugsanlega samseka og nái að spilla sakargögnum, haldi hann óskertu frelsi sínu.

Með vísan til framanritaðs og skírskotun til 1., 3. og 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974, þykir verða að taka kröfu RLR til greina. Kærði skal því sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 9. janúar 1991 kl. 16.00.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Jónas James Ásmundsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 9. janúar 1991 kl. 16.00.